



**Ungmennafélög utan
höfuðborgarsvæðisins:
Greining á hindrunum og tillögur að úrbótum**

Ólafur Daði Birgisson

Landssamband ungmennafélaga

2. nóvember 2020

Formáli

Landssamband ungmennafélaga (LUF) hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til þess að ráðast í greiningu á fjárhagsstöðu ungmennafélaga á Íslandi. Að beiðni leiðtogaráðs LUF var starfsemi félagasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins rannsökuð sérstaklega, í samræmi við markmið 17 í framkvæmdaáætlun LUF 2020-2021: „Þarfagreina starfsemi ungmennafélaga utan höfuðborgarsvæðisins.“

Undirritaður var ráðinn í stöðu starfsnema LUF eftir að hafa sótt um hjá félaginu í byrjun sumars 2020. Leiðbeinendur voru Heiða Vigdís Sigfúsdóttir, verkefnastjóri LUF, Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri LUF, og Sigurður Helgi Birgisson, Lögfræðingur LUF. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið, fræðsluna og leiðsögnina. Færi ég einnig Nýsköpunarsjóði námsmanna þakkir fyrir að fá tækifæri á að vinna þessa rannsókn. Mín von er sú að rannsóknin komi að góðu gagni, ungu fólki til heilla.

Inngangur

Aðildarfélög LUF hafa bent á að félög ungs fólks utan höfuðborgarsvæðisins eigi undir högg að sækja þar sem ýmsar hindranir torveldi starf þeirra. Þetta kemur fram í framkvæmdaáætlun LUF 2020-2021 var samþykkt á 1. leiðtogaráðsfundi LUF, þann 2. júlí 2020. Rannsóknin er unnin í samræmi við markmið 17: „þarfagreining á starfsemi ungmennafélaga utan höfuðborgarsvæðisins.“

Markmiðið fellur undir stefnu LUF um „Sterk ungmennafélög“ en þar er lögð áhersla á rétt ungs fólks til að njóta félagafrelsis. Aðildarfélög LUF hafa bent á að til þess að ná markmiðið þessu sé nauðsynlegt að byggja grundvöll fyrir þátttöku ungs fólks í ungmennafélögum óháð búsetu. Til þess kallar LUF eftir opinberri viðurkenningu á félagastörfum ungs fólks sem eflt getur samfélagsþátttöku og ýtt undir frekari verðmætasköpun fyrir samfélagið í heild. Þetta er meðal þess sem LUF leggur áherslu á í stefnu sinni í kaflanum „Sterk ungmennafélög,“ þar segir einnig: „Þátttaka í félagsstarfi ungmennafélaga eflir leiðtogahæfni og borgaravitund ungs fólks, vinnur gegn félagslegri einangrun og er vettvangur fyrir ungt fólk til þess að þroska samskiptahæfni og skoðanaskipti. LUF telur því nauðsynlegt að ríkið styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks lagalega, fjárhagslega og félagslega“ (Framkvæmdaáætlun LUF, 2020-2021)

Í samræmi við framkvæmdaáætlun og stefnu LUF var ráðist í greiningu á stöðu ungmennafélaga utan höfuðborgarsvæðisins. Haft var samband við formenn nokkurra aðildarfélaga LUF sem eru með virka starfsemi á landsbyggðinni með það að markmiðið að gera grein fyrir stöðunni út frá sjónarhornum þeirra. Rannsókn þessi getur gefið vísbendingar um raunstöðu starfseminnar og virkar sem fyrsta skref í heildstæðri þarfagreiningu. Ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum til að greina þarfir félaganna til hlítar. Með viðtölum við formenn aðildarfélaga LUF utan höfuðborgarsvæðisins verður leitast við að greina tækifæri og hindranir ungs fólks í ungmennafélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

1. Aðferðafræði

Til þess að greina þá stöðu sem rannsóknin lagði til grundvallar byggir rannsóknin á eigindlegri aðferðafræði. Spurningakönnun var unnin og hálfstöðluð viðtöl tekin.

1.1. Þátttakendur

Mörg aðildarfélög LUF og ÆV eru landssamtök og fjölmörg undirfélög þeirra starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Til þess að auka skilning á þeirri stöðu voru tekin viðtöl af handahófi við stjórnarmenn nokkurra aðildarfélaganna LUF sem eru með virka starfsemi á landsbyggðinni. Þátttakendur voru fimm einstaklingar frá fjórum félögum úr hverjum landsfjórðungi, að gættu jöfnu kynjahlutfalli. Viðmælendur voru formenn SUB (Suðurland), SUF (Vesturland) og UU (höfuðborgarsvæðið) ásamt varaformanni UVG (Austurland) og stjórnarmanni í UVG (Norðurland).

1.2. Framkvæmd

Vinnsla rannsóknar hófst í lok júní 2020 með hefðbundinni heimildavinnu og var þá rannsóknarrámminn skilgreindur. Séstakur spurningalisti var hannaður fyrir stjórnarmenn utan höfuðborgarsvæðisins. Hálfstöðluðu viðtölin voru á bilinu 8-20 mínútur og voru tekin símleiðis í byrjun ágúst. Í kjölfarið voru viðtölin hljóðrituð, afrituð, kóðuð og niðurstöður þeirra loks skrásett.

2. Niðurstöður

Ungt fólk á landsbyggðinni mætir ýmis konar hindrunum sem koma í veg fyrir að þau geti beitt sér af fullum krafti í hagsmuna- og félagasamtökum ungs fólks. Í viðtölunum var meðal annars spurt: Hvað telur þú að gæti dregið úr áhuga ungs fólks á landsbyggðinni á félagsstörfum? Einnig var spurt hvaða hindranir stæðu í vegi fyrir ungu fólki sem sækist eftir því að taka þátt í félagsstörfum ungs fólks. Viðmælendur voru allir á þeirri skoðun að mikilvægt væri að halda úti starfsemi sem víðast um landið og komu með ýmis rök til að styðja mál sitt. Meðal kostanna við öfluga starfsemi um allt land var nefnt að fjölbreytileiki og víðsýni væri meiri en á höfuðborgarsvæðinu, aukið tengslanet og að ólíkt fólk úr ólíkum áttum fái að sameina krafta sína.

Helstu hindranirnar sem viðmælendur stóðu frammi fyrir þegar kemur að því að efla félagsstarf á landsbyggðinni voru eftirfarandi: Ferðakostnaður, skortur á virkum félagsmönnum og vegalengdir. Í því sem hér kemur á eftir verður hver hindrun útlistaðar og tillögur viðmælanda að úrbótum lagðar fram.

2.1. Ferðakostnaður

Kostnaðurinn sem fylgir löngum ferðum á viðburði eða fundi á vegum ungmennafélaga getur verið töluverður. Mismunandi er hvort félög styrki félagsmenn eða ekki og er heldur ekki sjálfsagt að ungmenni hafi aðgang að bíl eða séu með bílpróf. Einn viðmælandinn hélt því fram að helgarferð á ársþing síns félags hefði kostað um 50 þúsund krónur en á móti hafi viðkomandi fengið styrk upp á 10 þúsund krónur. Slíkur styrkur hrekkur því skammt fyrir t.d. námsmenn og aðra sem þurfa að velta fyrir sér hverri krónu.

2.2. Skortur á virkum félagsmönnum

Allir viðmælendur nefndu skort á virkum félagsmönnum á landsbyggðinni og enn fremur að ungt fólk vissi ekki hvert það ætti að leita til þess að taka þátt í starfi ungmennafélaga. Flestir viðburðir ungmennafélaga fara fram í Reykjavík eða nágrenni og skortur er átækifærum til þess að kynnast starf ungmennafélaga í heimabyggð.

2.3. Vegalengdir

Einnig kom fram að þó svo að öflugur félagsmaður væri staðsettur á ákveðnu svæði, þá væri erfitt að fá ungt fólk í lið með viðkomandi og því þyrfti að starfa meira með þeim sem eru staðsettir í borginni. Þetta fyrirkomulag hentar illa og einn viðmælandi lýsti þessu vel með orðunum: „Mér leið alltaf svolítið eins og ég stæði fyrir utan og væri að horfa inn um glugga þegar fundir eða viðburðir voru haldnir. Ég sá alla starfsemina en ég gat einhvern veginn ekki tekið þátt í henni”.

2.4. Tillögur að úrbótum

Þegar viðmælendurnir voru beðnir um að nefna hvað gæti mögulega ýtt undir frekari þátttöku fólks af landsbyggðinni komu nokkrar hugmyndir fram. Helst ber að nefna beina fjárhagslega styrki í formi ferða- og akstursstyrkja. Til að geta beitt sér að fullu í starfi ungmennafélaga töldu nokkrir viðmælendur að best væri að greiða félagsmönnum í ungmennafélögum styrk til að koma til móts þá vegna langra ferðalaga á viðburði. Þetta eru sum félög farin að gera nú þegar en tvö af þeim fjórum félögum sem viðmælendur tengdust, UVG og UU greiddu að hluta til eða öllu leyti fyrir ferðalög í þágu félaganna. Auk þess geta félög sótt um ferðastyrk í gegnum [Erasmus+ áætlunina](#), á vegum ESB sem styrkir mennta-, íþróttá- og æskulýðsmál. Í

þeirri áætlun er gert ráð fyrir styrkjum til félaga til þess að koma til móts við ungt fólk sem glíma við hindranir, eins og langar vegalengdir, til þess að taka þátt í félagsstarfi.

Einnig var nefnt að erfitt væri að nálgast félagsstarfið fyrir þá sem eru staðsettir á landsbyggðinni og vilja taka þátt í starfi ungmennafélaga. Lögð var áhersla á að koma drífandi ungu fólki inn í félögin sem gætu hjálpað til við að fjölga félagsmönnum. Einnig var talið mikilvægt að hafa tengilið á vegum félaga sem gæti leiðbeint áhugasömum ungmennum og komið þeim af stað í starfinu. Viðmælendur töldu að ástæða þess að lítil nýliðun ætti sér stað úti á landi væri sú að ungt fólk væri einfaldlega feimið eða ætti í erfiðleikum með að koma sjálfu sér á framfæri og því væru slíkir tengiliðir mikilvægir til að leiðbeina nýliðum.

3. Umræða

Hér á undan hefur verið fjallað um stöðu ungmennafélaga utan höfuðborgarsvæðisins. Ýmsar hindranir mæta ungu fólki á landsbyggðinni sem koma í veg fyrir að þau geti beitt sér af fullum krafti í hagsuma- og félagasamtökum ungs fólks. Hindranirnar koma í veg fyrir að hópur ungs fólks á Íslandi geti notið félagslegra réttinda sinna sem felast í félagafrelsi. Brýn þörf er á aðgerðum til að tryggja jöfn réttindi ungs fólks á Íslandi, óháð búsetu.

Hindanirnar koma meðal annars í ljós í viðtali við viðmælanda sem lýsti takmörkuðu aðgengi að ungmennastarfi sökum búsetu: „Mér leið alltaf svolítið eins og ég stæði fyrir utan og væri að horfa inn um glugga þegar fundir eða viðburðir voru haldnir.“ Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að þörf sé á frekari rannsóknum til að kanna stöðuna til hlítar til að unnt sé að meta hvers konar aðgerðir mæta þörfum ungs fólks utan höfuðborgarsvæðisins.

Til að greina þarfir hópsins er nauðsynlegt að veita sjónarmiðum þeirra sérstaka vigt í stefnumótun og ákvarðanatöku í þeim málefnum er þau varðar. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa flest sett sér svokallaða ungmennastefnu sem er í raun heildstæð landstefna í málefnum ungs fólks sem er á ensku „National Youth Policy.“ Stefnan tryggir reglulegt samráð við ungt fólk í þeim málefnum er þau varða og er Ísland eitt af fáum ríkjum heims sem er ekki með opinbera ungmennastefnu. Til að tryggja jöfn tækifæri ungs fólks til þátttöku er mikilvægt að móta stefnu sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum og ólíkum sjónarmiðum ungs fólks á landsvísu.

Heimildaskrá

Evrópska ungmennagáttin. (2013, 17. maí). *Æskulýðsvettvangurinn*. Sótt af

https://europa.eu/youth/is/article/50/4224_is?language=en

Landssamband ungmennafélaga. (2020). Framkvæmdaáætlun stjórnar 2020-2021. Sótt af

<https://luf.is/wp-content/uploads/2020/08/Framkv%C3%A6mdaa%CC%81%C3%A6tlun-stjo%CC%81rnar-2020-2021.pdf>

Landssamband ungmennafélaga. (2018). Stefna LUF. Sótt af

<https://luf.is/wp-content/uploads/2020/06/Lo%CC%88g-LUF-29.02.2020.pdf>